

Af hamfaraástandi og berklasmitum – bráðamóttakan enn á ný í brennidepli

Félag bráðalækna fagnar um þessar mundir 20 ára afmæli. Þrátt fyrir að vera mjög ung sérgrein í alþjóðlegu samhengi hefur greinin á Íslandi sannarlega marga fjöruna sopið. Það er þó kaldhæðnislegt að á sama tíma og fagið sjálft hefur aldrei verið í eins miklum blóma – með stækkanði hópi nýrra og metnaðarfullra sérfræðinga sem brenna fyrir faginu – stöndum við frammi fyrir ástandi sem jaðrar við hamfarir.

Bráðamóttakan er hjarta heilbrigðiskerfisins. Hún er einstök deild sem sinnir öllu landinu og miðunum; hún er hliðið inn á spítalann þar sem réttur farvegur er fundinn fyrir alla sem þangað leita. Mikilvægi hennar hefur aldrei verið meira en einmitt nú, á tímum þar sem óvissa í heims-málum og dýpkandi gjá milli stórvelda krefst þess að viðbragðsgeta þjóðarinnar sé óskert.

Starfsfólk bráðamóttökunnar býr yfir óbilandi seiglu. Við höfum nýtt útsjónarsemi okkar til að láta hlutina ganga, fundið pláss þar sem ekkert var og sinnt sjúklingum við ómögulegar aðstæður. En þessi sama seigla hefur að sumu leyti komið í bakið á okkur. Með því að „redda málunum“ höfum við óafvitandi gefið stjórnvöldum svigrúm til að fresta nauðsynlegum aðgerðum.

Birtingarmyndir ástandsins eru fjölmargar, bæði fyrir starfsfólk og sjúklinga deildarinnar. Sú birtingarmynd sem hvað mest hefur verið fjallað um í fjölmiðlum eru átta berklasmit starfsfólks deildarinnar. Framkvæmdastjóri sviðsins talaði opinskátt í sjónvarpsviðtali og gerði lítið úr upp-

lifun starfsmanna af smitunum í stað þess að nýta þetta tækifæri sem hvatningu til stjórnvalda til aðgerða.

Í rúman áratug hafa bráðalæknar varað við þróuninni, en verstu spár hafa því miður ræst. Við höfum kallað, fundað, skrifað og ítrekað tjáð okkur í fjölmiðlum um ástandið en haldið þó áfram að sökkva. Við höfum ítrekað bent á ástæður vandans en finnum samt sterkt fyrir því að almenningur og heilbrigðisstarfsfólk gerir sér ekki grein fyrir ástæðum, stærð vandans né umfangi. Vandinn er útskriftarvandi ekki aðflæðisvandi.

Krafa starfsfólks bráðamóttöku um aðgerðir var gerð opinber á sameiginlegum fundi allra stéttarfélaganna sem haldinn var 11. febrúar síðastliðin. Við köllum eftir því að þingheimur allur bregðist við þessum vanda, eftirlitsstofnanir beiti valdi sínu og að stjórnendur spítalans dreifi álaginu, tali af festu og virðingu gagnvart okkar fólki og stjórn þjóðarinnar. Íslendingar verða að standa saman svo hægt sé sameiginlega að leysa þennan gríðarlega flókna vanda því þegar öllu er á botninn hvolft er þetta ekki bara vandi okkar á bráðamóttökunni heldur vandi alls heilbrigðiskerfisins og í raun einn stærsti vandi sem þjóðin hefur staðið frammi fyrir í áratugi.



Unnur Ósk Stefánsdóttir
bráðalæknir,
formaður Félags bráðalækna

Í rúman áratug hafa bráðalæknar varað við þróuninni, en verstu spár hafa því miður ræst. Við höfum kallað, fundað, skrifað og ítrekað tjáð okkur í fjölmiðlum um ástandið en haldið þó áfram að sökkva.

On Disaster Conditions and Tuberculosis Infections – The Emergency Department Once Again in the Spotlight

Unnur Ósk Stefánsdóttir
MD, FRCEM
Emergency Physician

doi 10.17992/ibL.2026.03.881